

Hafnarstjórnarfundur haldinn á skristofu Langanesbyggðar miðvikudaginn 11.apríl 2014 kl 10:00.

Mættir eru: Jónas Jóhannsson, Almar Marinósson, Ólafur Steinarsson

1. Lóðarumsókn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafði sent inn erindi til Hafnarnefndar vegna lóðarumsóknar frá Ísfélaginu og óskaði eftir umsögn nefndarinnar um hana. Talsverð umræða skapaðist um þessa lóð og hvort hún væri hentug inn á skipulag vegna akstursleiða og umferðar á höfninni. Ákveðið var að óska eftir frekari upplýsingum frá Ísfélaginu um byggingaráform og hvort ekki mætti ganga inn á núverandi lóðir Ísfélagsins og þá frekar skoða stækkun á byggingarreit þeirra. Þrenging með nýbyggingu yrði of mikil eins og þetta lítur út í dag.

2. Þykktarmæling þilja

Köfunarþjónustan mun gera þykktarmælingu á stálþilinu á Þórshöfn innan skamms. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um zink meðhöndlun.

3. Dýpkunarmál á Bakkafirði

Ólafur fór yfir stöðuna á þeim málum dýpkun er lokið en eftir er að lagfæra hleðslu þar sem efni var tekið upp. Loka verkfundur verður haldinn næstu dagana.

4. Stækkun hafnar á Þórshöfn

Ólafur kynnti að erindi hefði verið sent inn varðandi stækkunarmöguleika á höfninni á Þórshöfn og lagfæringar á hafnargarði á Bakkafirði. Rætt var um að koma upp innsiglingarljósi á höfnina í Bakkafirði.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 11:00